

FUNDARGERÐ

602. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps

Árið 2020, miðvikudaginn 20. maí, kom sveitarstjórn Mýrdalshrepps saman til fundar kl. 16:00 í Kötluasetri, Víkurbraut 28 í Vík.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson, Ingi Már Björnsson, Drífa Bjarnadóttir, Páll Tómasson og Þórey Richardt Úlfarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerðina í tölvu og George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi sat fundinn að hluta.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

Oddviti leitar afbrigða til að taka eftirtalin mál á dagskrá fundarins:

II – 6 Umsókn um styrk frá Golfklúbbnum Vík

V – 2 Fjármál sveitarfélaga í kjölfar Covid

Afbrigðin Samþykkt

Þetta var tekið fyrir:

1. Verkefni sveitarstjóra.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

2. Fundargerð skipulagsnefndar.

Lögð fram 280. fundargerð skipulagsnefndar Mýrdalshrepps frá 14. maí 2020. Eftirfarandi liðir eru til staðfestingar í sveitarstjórn:

2.1. Efnistaka í sandfjöru austan Víkur.

Nefndin samþykkti tillögu að svæði A í tillögugerð frá LavaConcept Iceland ehf. um staðsetningu vinnslusvæðis.

PT vikur af fundi

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

PT kemur aftur inná fundinn.

2.2. Bakkabraut – Víkurbraut.

Nefndin samþykkti tillögu skipulagsfulltrúa að lóðamörkum fyrir lóðirnar Bakkabraut 3, Bakkabraut 6A, Bakkabraut 5, Víkurbraut 10 og Víkurbraut 10A.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.3. Fagridalur – Umsókn um stöðuleyfi.

Nefndin samþykkti umsókn frá Jónasi Erlendssyni um stöðuleyfi fyrir gám í landi Fagradals.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

- 2.4. Hátún 6-8 – Umsókn um framkvæmdaleyfi.
Nefndin samþykkti umsókn um framkvæmdaleyfi vegna girðingar á lóðamörkum Hátúns 6-8.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.
- 2.5. Varnargarður við Víkurklett.
Nefndin samþykkti umsókn frá Framrás ehf. um leyfi til efnistöku í námu við Kerlingardalsá og í Víkurfjöru vegna framkvæmda við varnargarð við Víkurklett.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.
- 2.6. Framnes lóð – Umsókn um byggingarleyfi.
Nefndin samþykkti umsókn frá Guðbjörgu Andreu Jónsdóttur og Jóhanni Friðrik Klausen um byggingarleyfi vegna viðgerða og endurbóta við hús í Framnesi.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.
- 2.7. Ás og Hótel Dyrhólaey – Deiliskipulagstillaga.
Nefndin samþykkti tillöguna að teknu tilliti til umsagna sem bárust og fól skipulags- og byggingarfulltrúa að ljúka málinu.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.
- 2.8. Klettsvegur 7.
Nefndin samþykkti tillögu skipulagsfulltrúa að lóðamörkum fyrir lóðina Klettsveg 7.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Aðrir liðir fundargerðarinnar lagðir fram til kynningar.

3. Uppskipting jarðar.

Lögð fram beiðni um umsögn og samþykki sveitarstjórnar á uppskiptingu jarðarinnar Presthúsagerði fnr. F2359285 en upprunaland lóðarinnar er jörðin Prestshús 2 fnr. F2188305.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd og samþykkir uppskiptinguna fyrir sitt leiti.

4. Samningur um kostnaðarskiptingu frá Vegagerðinni.

Lögð fram drög að samningi um kostnaðarskiptingu vegna framkvæmda við hringtorg á hringvegi 1 um Vík.

Sveitarstjórn samþykkir drögin og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn.

5. Jarðamörk milli Fagradals og Víkur.

Lögð fram tillaga frá skipulagsfulltrúa að hnitsettum jarðamörkum milli Fagradals og Suður Víkur. Tillagan er unnin í samráði við landeigendur Fagradals.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að ljúka málinu.

6. Fundargerð fræðslunefndar.

Lögð fram fundargerð 252. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps frá 12. maí 2020.



6.1. Skóladagatal Víkurskóla.

Nefndin samþykktu með fyrirvara um samþykki skólaráðs skóladagatal Víkurskóla 2020 – 2021.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

6.2. Skóladagatal Mánalands 2019-2020 og 2020-2021.

Nefndin samþykkti skóladagatöl leikskólans Mánalands.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Aðrir liðir fundargerðarinnar lagðir fram til kynningar.

7. Umsókn um lækkun fasteignagjalda.

Lögð fram umsókn um lækkun fasteignagjalda fyrir smáhýsi í Þakgili frá rekstraraðilum Helgu Ólafsdóttur og Bjarna Jóni Finnssyni.

DB viku af fundi.

Á grundvelli jafnræðissjónarmiða getur sveitarstjórn ekki orðið við beiðninni.

DB kemur aftur inn á fundinn.

8. Umsagnarbeiðni.

Lögð fram beiðni um umsögn frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki II – stærra gistiheimili á Eystri Sólheimum frá Bingdao ehf. kt. 420318-0650, ábyrgðarmaður Einar Rúnar Magnússon kt. 040978-5509.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.

9. Styrkbeiðnir

9.1. Lögð fram beiðni um styrk að upphæð 130.511 kr. frá Markaðsstofu Suðurlands fyrir verkefnið „Gagnvirkt ferðalag“ sem nýtast á í markaðs- og kynningarstarf fyrir landshlutann.

Sveitarstjórn samþykkir beiðnina.

9.2. Lögð fram beiðni um styrk að upphæð 50.000 kr. frá Umf. Kötlu, Ferðafélagi Mýrdælinga og Kötluaseturs vegna fyrirhugaðs gönguratleiks í Mýrdal sumarið 2020.

Sveitarstjórn samþykkir beiðnina.

9.3. Lögð fram beiðni um styrk að upphæð 1.050.000 til greiðslu launa og 450.000 styrk til sláttuvélakaupa frá Golfklúbbnum Vík.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og leggur til að gerður verði samningur við golfklúbbinn þar sem kveðið er á um eflingu æskulýðsstarfs innan klúbbsins.

Sveitarstjóra er falinn framgangur málsins.

10. Rekstrarafkoma sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri kynnti rekstrarafkomu sveitarfélagsins á fyrstu fjórum mánuðum ársins.

11. Fundargerðir til kynningar.

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram til kynningar:

Fundargerð 204. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, haldinn 5. maí 2020.

Fundargerð 881. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, haldinn 24. apríl 2020.

Fundargerð 882. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, haldinn 29. apríl 2020.

Fundargerð 883. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, haldinn 8. maí 2020.

Fundargerð 76. fundar Félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu, haldinn 16. apríl 2020.

Fundargerðir 43. og 44. funda Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu, haldnir 7. og 21. apríl 2020.

Minnisblað frá sunnlenskum samráðsfjarfundi ráðherra ferðamála, iðnaðar- og nýsköpunar, þingmanna Suðurlands, stjórnar SASS og framkvæmdastjóra sveitarfélaga á Suðurlandi. Fundurinn var haldinn 8. maí 2020.

Fundargerð 13. stjórnarfundar Bergrisans, haldinn 3. mars 2020.

Fundargerð 15. stjórnarfundar Bergrisans, haldinn 1. apríl 2020.

Fundargerð 14. stjórnarfundar Bergrisans, haldinn 5. maí 2020.

Fundargerð 50. fundar Kötlu Jarðvangs, haldinn 21. janúar 2020.


12. Kynningarefni.

Eftirfarandi kynningarefni lá fyrir fundinum:

Minnispunktur frá Landgræðslunni vegna uppgræðslu í Víkurfjöru.

Erindi frá eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga um fjármál sveitarfélaga í kjölfar Covid-19.


Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 17:51.



Einar Freyr Elínarson, oddviti




Ingi Már Björnsson



Drífa Bjarnadóttir



Páll Tómasson



Þórey Richardt Úlfarsdóttir